



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Ársskýrsla
2016-2017



Efnisyfirlit

1. Stjórnun og rekstur	4
2. Starfsemi.....	8
3. Listamenn sem komu fram með hljómsveitinni 2016-17	14
4. Tónleikar starfsárið 2016-17	16
5. Hljóðritanir og hljómdiskar.....	24
6. Tónverk hljóðrituð eða flutt á tónleikum á starfsárinu.....	26
7. Starfsmannahald 2016-2017	30
8. Fjöldi tónleikagesta.....	34

1. Stjórnun og rekstur

Starfsárið 2016-2017 var 67. starfsár Sinfóníu-
hljómsveitar Íslands og fimmta heila starfsár hljóms-
sveitarinnar í Hörpu. Alls hélt hljómsveitin 81 tónleika
á starfsárinu, auk annarra viðburða. Um 82.000
gestir sóttu viðburði á vegum hljómsveitarinnar og
flutt voru yfir 81 minni og stærri verk.

Stjórnun

Samkvæmt lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands (SÍ)
standa ríkissjóður og Reykjavíkurborg að rekstri
hljómsveitarinnar. Ríkissjóður greiðir 82% af rekstrar-
kostnaðinum en Borgarsjóður Reykjavíkurborgar 18%.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands var skipuð til
fjögurra ára í nóvember 2014 og er því skipunartími
hennar til 13. nóvember 2018. Stjórnarformaður er
Sigurbjörn Þorkelsson.

Stjórnin er þannig skipuð: Sigurbjörn Þorkelsson er
formaður stjórnar, skipaður af menntamála-
ráðuneytinu. Friðjón Friðjónsson er varaformaður,
skipaður af menntamálaráðuneytinu. Oddný Sturlu-
dóttir er skipuð af Reykjavíkurborg. Bryndís Pálsdóttir
er fulltrúi SMFSÍ. Jens Garðar Helgason er skipaður af
fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Varamenn eru: Óttar Guðjónsson, tilnefndur af
mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Svanhildur
Sigurðardóttir, tilnefnd af mennta- og menningar-
málaráðuneytinu. Sigurjón Kjartansson, tilnefndur af
Reykjavíkurborg. Sigurður Bjarki Gunnarsson, til-
nefndur af SMFSÍ (sagði sig frá varamennsku en í
hans stað er Bryndís Björgvinsdóttir).

Helga Árnadóttir, tilnefnd af fjármála- og efnahags-
ráðuneytinu.

Á starfsárinu 2016-2017 hélt stjórn Sinfóníuhljóm-
sveitar Íslands alls 10 fundi.

Rekstur

Hljómsveitin hefur á síðustu árum náð að skapa sér
traustan rekstragrunn í Hörpu og hefur rekstrar-
reikningur hljómsveitarinnar verið samkvæmt
áætlunum síðustu fjárhagsár. Þannig hefur hljóms-
sveitinni tekist að greiða niður uppsafnaðan halla við
ríkissjóð og sér nú fram á betri tíma og meira svigrúm
í rekstri. Afar mikilvægt er að hljómsveitinni takist á
næstu misserum að styrkja stöðu sína á alþjóðlegum
vettvangi. Tónleikaferðir utan landsteinanna eru þar
gríðarlega mikilvægur vettvangur og afar dýrmæt
landkynning fyrir Ísland. Ljóst er að eftirspurn eftir
hljómsveitinni hefur aukist gríðarlega og tækifærin
eru mörg. Vonir eru bundnar við að með batnandi
efnahagi aukist aðkoma atvinnulífsins að fjárfrekari
viðburðum hljómsveitarinnar.

Eitt af lögbundnum hlutverkum SÍ er að kynna
íslenska tónlist. Starfsárið 2016-2017 gekk hljóms-
sveitin til samstarfs við bandaríska útgáfufyrirtækið
Sono Luminus um hljóðritun og útgáfu á verkum eftir
ung íslensk tónskáld. Sono Luminus hefur getið sér
gott orð sem framsækið útgáfufyrirtæki sem hlotið
hefur alþjóðlegar viðurkenningar og náð að skapa sér
sterka markaðsstöðu þrátt fyrir mikinn samdrátt í
sölu geisladiska á síðustu árum.

Aukið hefur verið jafnt og þétt við hljóðfærakost
hljómsveitarinnar eftir að hljómsveitin flutti í Hörpu
Eldborg kallar á hljóðfæri af hæsta gæðaflokki enda
hljómburðurinn með því besta sem gerist í Evrópu.
Þannig hefur hljómsveitin á síðustu árum keypt tvö
pákuset, kontrabassa fyrir leiðara í kontrabassadeild,

kontrabassaklarínnett og trompeta. Stefnt er að því að auka enn frekar við hljóðfærakostinn, jafnt og þétt á næstu árum.

Aðalstjórnandi

Starfsárið 2016-2017 var fyrsta starfsár af þremur þar sem Yan Pascal Tortelier (YPT) stendur á stjórnanda-pallinum sem aðalhljómsveitarstjóri SÍ. Það er óhætt að segja að Tortelier hafi fengið jákvæðar viðtökur, bæði hjá hljómsveitarmeðlimum og eins gagnrýnendum og áheyrendum. YPT sem hefur átt afar langan og farsælan alþjóðlegan feril, þykir afar hrífandi í túlkun sinni og nálgun og einstaklega músíkal-skur. Ljóst er að undir hans stjórn hefur hljómsveitin komist á listrænt flug. Yan Pascal Tortelier stjórnaði mörgum minnisstæðum tónleikum á starfsárinu, meðal annars tónleikum hljómsveitarinnar í Gautaborg 19. apríl 2017 á sjálfu sjötugsafmæli sínu. Hljómsveitin bindur miklar vonir við samstarfið við Yan Pascal Tortelier og eru fyrirhugaðar bæði hljóðritanir og tónleikaferðir á næstu misserum

Nýr heiðursstjórnandi og aðalgeststjórnandi

Starfsárið 2016-2017 hlaut Osmo Vänskä nafnbót heiðurshljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Tilkynt var um nafnbótina föstudaginn 31. mars 2017 í tengslum við tónleika þar sem Osmo stjórnaði sinfóníu nr. 2 eftir Sibelius. Sem heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er sambandið við Osmo Vänskä styrkt enn frekar en í því felst viðurkenning á hans mikilvæga framlagi til hljómsveitarinnar og þeirri gagnkvæmu virðingu sem ríkir milli hans og hljómsveitarinnar. Jafnframt heiðursnafnbótinni mun Osmo Vänskä gegna stöðu aðalgeststjórnanda til ársins 2020

Aðalheiðursstjórnandi

Vladimir Ashkenazy hefur frá árinu 2002 verið aðalheiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Á hverju starfsári stjórnar hann að minnsta kosti einum tónleikum hljómsveitarinnar sem ávallt er beðið með mikilli eftirvæntingu. Starfsárið 2016-2017 var engin breyting þar á en á tónleikum í apríl stjórnaði Ashkenazy eftirminnilegum flutningi á sinfóníu Brahms nr. 4. Hafinn er undirbúningur á því að haustið 2018 muni Sinfóníuhljómsveit Íslands leggja land undir fót og fara í tónleikaferð til Japans þar sem Ashkenazy mun stjórna. Sú ferð er ekki síst hugsuð til að heiðra hið dýrmæta samstarf og framlag Ashkenazy til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og íslensks tónlistar-og menningarlífs síðustu áratugina.

Staðarlistamaður

Daníel Bjarnason tónskáld og hljómsveitarstjóri hefur verið staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá því í janúar 2015 og sem slíkur gegnt margþættu og mikilvægu hlutverki hjá hljómsveitinni. Daníel hefur átt vaxandi velgengni að fagna á erlendum vettvangi. Síðustu ár hefur hann átt náið samstarf við Los Angeles Fílharmóníuna. Í apríl 2017 stóð LA Phil fyrir íslenskri tónlistarhátíð – Reykjavík Festival þar sem Daníel Bjarnason var listrænn stjórnandi ásamt Esa Pekka Salonen. Í tengslum við þá hátíð stóð SÍ í samstarfi við LA Phil saman að pöntun á nýju ævintýri um Maxímús Músíkús eftir Hallfríði Ólafsdóttur sem frumflutt var í Walt Disney Concert hall á hátíðinni undir stjórn Daníels Bjarnasonar.

Það er óhætt að segja að aldrei fyrr hafi Sinfóníuhljómsveit Íslands státað af jafn sterku alþjóðlegu teymi hljómsveitastjóra og síðustu starfsár sem jafnframt felur í sér viðurkenningu á þeim árangri sem hljómsveitin hefur náð og á því starfi sem unnið er hjá SÍ bæði hvað faglega og listræna þætti varðar.

Verkefnavalsnefnd

Verkefnavalsnefnd skipa níu manns; Árni Heimir Ingólfsson, listrænn ráðgjafi og formaður nefndarinnar, Daníel Bjarnason skipaður af stjórn, Anna Sigurbjörnsdóttir, tónleikastjóri, Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri, Hjördís Ástráðsdóttir, fræðslustjóri, Magnús Lyngdal fulltrúi stjórnar, Sigrún Eðvaldsdóttir, konsertmeistari, Eiríkur Örn Pálsson og Steef Van Ousterhout eru skipuð af SMFSÍ og Þórunn Ósk Marinósdóttir varamaður. Nefndin er skipuð til tveggja ára í senn og fundar að jafnaði einu sinn í mánuði á starfsári.



2. Starfsemi

Áskriftarraðir

Áskriftarraðir voru með sama móti og síðustu ár og boðið upp á gula, rauða og græna röð auk Litla tónsprotans sem hugsaður er fyrir alla fjölskylduna. Í gulri og rauðri röð er boðið upp á 7 tónleika en í grænni röð 5. Á þessum röðum hafa gestir sitt fasta sæti á alla tónleika raðarinnar. Fyrir utan litaraðirnar stendur áskrifendum til boða að setja saman sína eigin röð á Regnbogakort. Þá var einnig haldið áfram með Föstudagsröðina sem hóf göngu sína starfsárið 2015-16. Í þessari röð var boðið upp á þrenna tónleika sem haldnir voru í Norðurljósasal Hörpu. Daníel Bjarnason var sem fyrr listrænn stjórnandi raðarinnar. Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á starfsárinu 2016-17 voru samtals 81 auk annarra viðburða sem voru 54 talsins.

Tónleikar utan áskriftar

Af tónleikum utan raða má nefna Klassíkina okkar, tónleika sem voru í beinni útsendingu á RÚV 2. september 2016, þrenna tónleika í Eldborg í febrúar 2017 með uppistandanum Ara Eldjárn og opna tónleika í byrjun júní. Þar stjórnaði Rumon Gamba verkum eftir Dag Wirén.

Samstarf við Hörpu

Í nóvember 2016 lék Sinfóníuhljómsveitin undir hjá St. Petersburg Festival Ballett í flutningi á Hnotubrjótum eftir Tchaikovskíj undir stjórn Sergej Fedoseev. Viðburðurinn sem Harpa stóð fyrir tókst mjög vel og urðu sýningar alls fjórar. Þetta var þriðja árið í röð þar sem efnt var til slíks samstarfs og mun það halda áfram á næsta starfsári.

Tónleikar

Gul röð	7	
Rauð röð	7	þar af 1 endurtekni
Græn röð	8	þar af 3 endurtekni
Föstudagsröðin	3	
Litli tónsprotinn	8	þar af 4 endurtekni
Tónleikar utan áskrifta	16	
Ballettsýningar	4	þar af 3 endurtekni
Barnastundir	2	
Hádegistónleikar	1	
Leik- og Grunnskólatónleikar	19	þar af 13 endurtekni
Framhalskkólatónleikar	6	þar af 3 endurtekni
Tónleikar alls	81	

Aðrir viðburðir

Ungsveit SÍ / tónleikar	1	
Opnar lokaæfingar	37	
Tónleikakynningar	16	
Samtals viðburðir	54	

Framlag Sinfóníuhljómsveitar Íslands til hátíða

Sinfóníuhljómsveit Íslands tók sem fyrr virkan þátt í hátíðum sem haldnar voru í Reykjavík. **Á Menningar-nótt í Reykjavík** hélt hljómsveitin tvenna tónleika í Eldborg. Á fyrri tónleikunum var flutt verkið um Pétur og Úlfinn eftir Sergei Prokofiev við teiknimynd Suzie Templeton. Hljómsveitarstjóri var Bjarni Frímann Bjarnason. Á seinni tónleikunum voru leikin rússnesk tónverk undir stjórn Bernharðs Wilkinson.

Tónlistarhátíðin **Norrænir músíkdagar** var haldin dagana 29. september til 1. október 2016 í Hörpu. Hátíðin var stofnuð árið 1888 og er ein elsta tónlistarhátíð heims. Hún er haldin árlega til skiptis í höfuðborgum Norðurlandanna. Sí tók þátt í hátíðinni með tónleikum í Eldborg 29. september undir stjórn Daníels Raiskin.

Á **Iceland Airwaves** gekk Sinfóníuhljómsveit Íslands að þessu sinni til samstarfs við tónskáld og aðra listamenn sem starfað hafa undir Bedroom Community. Flutt voru verk sem var ætlað að gefa þversnið af tíu ára starfi BC. Tónleikunum stjórnaði hljómsveitarstjórinn André de Ridder sem áður hefur stjórnað Sí á Iceland Airwaves.

Tónlistarhátíðin **Myrkir músíkdagar** er vettvangur fyrir nýja íslenska tónlist og hélt Sinfóníuhljómsveit Íslands tvenna tónleika og málstofu á hátíðinni í ár. Hljómsveitin stóð fyrir opinni málstofu um stöðu íslenskrar hljómsveitartónlistar, með það að markmiði að efla samtal og samvinnu milli tónskálda og hljómsveitarinnar.

Á upphafstónleikum hátíðarinnar stjórnaði Daníel Bjarnason verkum eftir Atla Heimi Sveinsson, Hauk Tómasson, Kristínu Þóru Haraldsdóttur, Úlf Hansson og breska tónskáldið Thomas Adés. Þórunn Ósk Marínósdóttir lék einleik í frumflutningi á víóluksert

Hauks, Echo Chamber. Þá voru uppskerutónleikar tónskáldastofu Yrkju hluti af Myrkum músíkdögum og frumflutt voru þar tvö verk undir stjórn Daníels.

Tónleikaferðir

Á starfsárinu 2015-16 heimsótti Sinfóníuhljómsveit Íslands þrjá staði á landsbyggðinni, Ísafjörð, Akureyri og Egilsstaði og var ferðin kölluð „Landshorna á milli“. Á þessu starfsári 2016-17 var hringnum lokað með ferð til Vestmannaeyja sem þótti takast afar vel. Kvöldtónleikar voru haldnir í Íþróttamiðstöðinni þann 1. mars, 2017, þar sem meðal annars var flutt syrpa af lögum Eyjamannsins Oddgeirs Kristjánssonar og Sigrún Eðvaldsdóttir lék einleik í fiðlukonsert Tsjaikovsíjs. Hljómsveitarstjóri var Bjarni Frímann Bjarnason. 2. mars voru haldnir skólatónleikar á sama stað þar sem flutt var ævintýrið Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina. Að þessu sinni var það Hallfríður höfundur Maxímús, sem hélt um tónsprotann.

Í apríl hélt Sinfóníuhljómsveit Íslands í tónleikaferð til Gautaborgar og lék þar í hinu víðfræga tónleikahúsi borgarinnar. Tónleikarnir voru haldnir þann 19. apríl, 2017 og voru hluti af áskriftarröð Gautaborgarsinfóníunnar. Á efnisskránni voru verkin Aeriality eftir Önnu Þorvaldsdóttur, Burleske eftir Richard Strauss og Sinfónía nr. 2 eftir Jean Sibelius. Aðalstjórnandi Sí hélt um tónsprotann og einleikari var Víkingur Heiðar Ólafsson. Á næsta starfsári mun Gautaborgarsinfónían endurgjalda heimsóknina og koma til Íslands og halda tónleika í Eldborg undir stjórn finnska hljómsveitarstjórans Santtu-Matias Rouvali.

Fræðslustarf

Skólatónleikar og fræðsluverkefni

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur úti öflugum fræðslustarfi fyrir börn og fullorðna. Auk fjölskyldutónleika í tónleikaröðinni Litla tónsprotanum býður hljómsveitin nem-

endum frá leikskólaaldri upp á framhaldsskólastig til skólatónleika. Starfskynningar hljómsveitarinnar hafa notið mikillar hylli ásamt fræðslumorgnum þar sem skólahópum á grunn-, framhalds- og háskólastigi er boðið að kynna sér starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar. Alls lék hljómsveitin á 21 leik- og grunnskólatónleikum á starfsárinu og hélt 5 framhaldsskólatónleika. Hljóm-sveitin lagði land undir fót og lék fyrir skólabörn í Vest-mannaeyjum í mars í tónleikaferðinni Landshorna á milli.

Barnastund

Barnastundir hljómsveitarinnar, sem hófu göngu sína á vordögum 2012, hafa frá upphafi verið vinsælar gæðastundir meðal fjölskyldna allra yngstu hlustend-anna. Á starfsárinu voru haldnar tvær Barnastundir, í september og mars, með fjölbreyttri og aðgengilegri 30 mínútna dagskrá.

Ungsveit SÍ

Haustið 2016 hélt Sinfóníuhljómsveit Íslands við-a-mikið hljómsveitarnámskeið fyrir lengra komna tónlistarnema. Að þessu sinni var rómatísk fimmta sinfónía Tsjajkovskíjs viðfangsefnið undir stjórn Eivinds Aadland. Í febrúar 2017 hlaut Ungsveitin verðlaunin Bjartasta vonin á Íslensku tónlistar-verðlaununum í flokki sígildrar- og samtímatónlistar.

Skólatónleikar og fræðslustarf

	Tónleikar/viðburðir	Nemendur
Leik- og grunnskólatónleikar	19	14.000
Framhaldsskólatónleikar	6	2.300
Heimsóknir Skólahópa		250
Ungsveit Sinfóníunnar/hljómsveitarnámskeið		80
		Nemendur alls: 16.630

Ungir einleikarar

Í samstarfi við Listaháskóla Íslands heldur Sinfóníu-hljómsveitin keppni fyrir unga einleikara og ein-söngvara ár hvert. Sigurvegarar þeirrar keppni koma fram með hljómsveitinni á sérstökum tónleikum.

Í janúar 2017 unnu þrír einleikarar og einn einsöngvari sér rétt til að koma fram og leika einleikskonserta og flytja aríur með hljómsveitinni.

Tónleikakynningar

Á starfsárinu var boðið upp á 15 tónleikakynningar á undan völdum áskriftartónleikum í gulri, rauðri og grænni áskriftarröð. Tónleikakynningarnar eru unnar í samvinnu við Vínafélag Sinfóníuhljómsveitarinnar og sáu Sigurður Ingvi Snorrason, fyrrum klarínnettuleikari SÍ, Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarfræðingur, Sigríður St. Stephensen, dagskrárgerðarmaður og Svanhildur Óskarsdóttir, rannsóknardósent á Árnastofnun um kynningarnar.

Þróunarverkefni

Á vordögum 2016 var ýtt úr vör nýju alþjóðlegu þróunarverkefni um vöggvísur. Að verkefninu standa Sinfóníuhljómsveit Íslands í samvinnu við erlenda og innlenda listamenn og skóla sem búa við menningar-legan fjölbreytileika svo sem Austurbæjarskóla, Fellaskóla og Kársnesskóla í Kópavogi. Á haustdögum 2016 sótti Sinfóníuhljómsveitin þátttökuskólana heim og lék fyrir nemendur og starfsfólk. Í apríl voru uppskerutónleikar í Norðurljósum þar sem þátt-tökuskólarnir lögðu sönglög, dansatriði, hljóðfæra-leikara og rappara til tónleikadagskrárinnar sem sótt var af nemendum skólanna og forráðamönnum.

Aðrir viðburðir

Sinfóníuhljómsveitin bauð eldri borgurum á opna æfingu á Vínartónlist í upphafi nýs árs. Viðburðurinn mæltist mjög vel fyrir og sóttu um 1366 gestir opnu æfinguna, bæði af dvalarheimilum og eins úr félags-starfi eldri borgara.

Áframhaldandi samstarf var á milli Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands og Skólahljómsveitar Kópavogs. Skólahljómsveitin kom fram á Jólatónleikum Sinfóníu-hljómsveitarinnar og fékk fyrir það verkefni Kópinn,

viðurkenningu menntaráðs Kópavogs fyrir framúrskarandi verkefni í skólasterfi. Að vori 2017 héldu Sinfóníuhljómsveitin og Skólahljómsveit Kópavogs tónleika í Kórnum fyrir 1800 nemendur úr skólum í efri byggðum Kópavogs.

Mannauðsmál

Á starfsárinu 2015-2016 störfuðu um 110 fastráðnir starfsmenn hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og fékk hljómsveitin um 55 lausráðna hljóðfæraleikara til liðs við sig á starfsárinu. Alls fóru fram 6 hæfnispróf fyrir stöður í Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Viðfangsefni vetrarins var m.a. að efla liðsheild og vinna með styrkleika einstaklingsins. Haldið var áfram að leggja áherslu á góð og uppbyggileg samskipti milli starfsmanna á starfsárinu, enda er það á ábyrgð allra innan SÍ að stuðla að góðum samskiptum og starfsanda á vinnustaðnum. Reglulega voru haldnir starfsmannafundir með öllum starfsfólki, deildarfundir með hverri deild fyrir sig, leiðarafundir og samráðsfundir með stjórn SMFSÍ. Viðtöl við framkvæmdastjóra héldu áfram þar sem starfsfólki gafst frekara tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri á formlegan hátt.

Haldið var áfram með starfsmannasamtal milli leiðara og hljóðfæraleikara veturinn 2015-16 og eru helstu áherslupunktur sem fyrr líðan starfsmanns, upplýsingaflæði, starfið og starfsánægja.

Boðið var upp á fræðslufundi um framkomu á sviði og sjónvarpi, klæðnað og förðun svo og fræðslu um styrkleika, viðhorfsstjórnun og jákvæðar tilfinningar. Heilsuefling fékk sinn sess á starfsárinu með heilsuæfingum á sviði, heilsunuddi á góðu verði og stuðningi við heilsurækt í Hörpu.

Á vormánuðum kom starfsfólk saman til þess að ræða og endurskoða gildin sem segja má að endur-

spegli það sem hljómsveitin stendur fyrir. Niðurstaða þeirrar vinnu var að bæta við einu gildi sem endurspeglar liðsheild og samhljóm milli samstarfsfólks þ.e. liðshyð. Í dag eru því fjögur megingildi höfð að leiðarljósi í starfseminni en þau eru:

Listrænn metnaður

Liðshyð

Fagmennska

Fjölbreytni

Markaðs- og kynningarmál

Heildarfjöldi tónleikagesta 2016-17 var rétt tæplega 82.000 og eru þá taldir gestir á öllum tónleikum hljómsveitarinnar með skólatónleikum í Hörpu og á tónleikaferðum.

Áskriftasala var svipuð á milli starfsára en heildarfjöldi seldra tónleikamiða í áskrift var um 20.000. Heildarfjöldi seldra miða var 54.614 sem er aukning frá árinu á undan líkt og sjá má í töflu. (Miðasala á ballettinn og tónleikana í Gautaborg eru ekki inni í miðasölutölum hljómsveitarinnar þar sem sýninga- og tónleikahald var ekki í höndum SÍ.)


Nýr vefur var tekinn í notkun í upphafi starfsársins. Nýi vefurinn er skalanlegur og hentar vel fyrir farsíma og önnur snjalltæki. Í þróun á nýja vefnum var lögð áhersla á að gera hann myndrænni jafnframt því að auka framboð efnis og dýpka efnistöð. Vefurinn fékk þrenn verðlaun á Íslensku vefverðlaununum 2016 og var m.a. valinn Vefur ársins 2016 og fékk sérstaka viðurkenningu fyrir gott efni á vef. Ef bornar eru saman heimsóknir á nýjan vef miðað við heimsóknir á gamla vefinn árið á undan var aukningin um 55%.

Hafið var samstarf við auglýsingastofuna Döðlur og var hannað nýtt útlit á markaðs- og kynningarefni, enn var þó haldið í grunnþætti í útliti vörumerkisins.

Þess má geta að nýtt kynningarefni hljómsveitarinnar fékk þrenn FÍT veðlaun sem eru veðlaun fyrir grafíska hönnun.

Áfram var mikil áhersla lögð á rafræna markaðssetningu og var lagt upp úr gerð lifandi myndbanda til sýninga á nýjum vef hljómsveitarinnar og á samfélagsmiðlum. Gamma var aðalstyrktaraðili hljómsveitarinnar á starfsárinu og ákveðið var í lok starfsársins að halda samstarfinu áfram og undirrita nýjan samning í upphafi næsta starfsárs.

Þróun fjölda tónleikagesta



Þróun í miðasölu

	'09/'10	'10/'11	'11/'12	'12/'13	'13/'14	'14/'15	'15/'16	'16/'17
Heildarsala	36.743	50.130	56.950	56.873	51.757	51.546	51.669	54.614
- Utan áskriftar	23.423	34.876	33.211	35.185	31.085	31.750	32.431	34.588
- Innan áskriftar	13.320	15.254	23.739	21.688	20.672	19.796	19.238	20.026
Hlutfall áskrifta	36,30%	30,40%	41,70%	38,00%	40%	38%	37%	37%

Úr tónleikasal – beinar útsendingar og upptökur

Beinar útsendingar á vef Sinfóníunnar í samvinnu við Sýrland héldu áfram og greinilegt er að þær ná til nýrra áhorfenda og ná að varpa ljósi á starfsemi hljómsveitarinnar. Teknir voru upp 7 tónleikar en streymt var beint frá 5 af þeim tónleikum.

Gautaborgarhljómsveitin sendi einnig beint á GSOPlay frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Gautaborg.

Samstarf við Ríkisútvarpið er mjög mikilvægt til að ná til áheyrenda um land allt og líkt og áður útvarpaði RÚV frá flestum tónleikum hljómsveitarinnar á Rás 1 eða alls 38. Sent var beint frá 24 tónleikum, auk þess voru teknir upp 14 tónleikar og sendir út síðar á Rás 1.

Vönduð dagskrágerð Rásar 1 með viðtölum við listamenn fylgir útsendingum og á undan tónleikum er sendur út þátturinn Á leið í tónleikasal.

Upptökurnar eru síðan aðgengilegar í Sarpinum á ruv.is næstu sex vikur. RÚV sendi einnig beint út í sjónvarpi frá Klassíkinni okkar sem var sérstakt samstarfsverkefni Sinfóníunnar og Sjónvarpsins.



3. Listamenn sem komu fram með hljómsveitinni 2016-17

Hljómsveitarstjórar

André de Ridder
Anna-Maria Helsing
Bernharður Wilkinson
Bjarni Frímann Bjarnason
Daníel Bjarnason
Daniel Raiskin
David Danzmayr
Eivind Aadland
Erkki Lasonpalo
Hallfríður Ólafsdóttir
John Storgårds
Jun Märkl
Leo Hussain
Markus Poschner
Matthew Halls
Osmo Vänskä
Petri Sakari
Rumon Gamba
Rúnar Óskarsson
Sergej Fedoseev
Ted Sperling
Viktor Orri Árnason
Vladimir Ashkenazy
Yan Pascal Tortelier

Íslenskir einleikarar og einsöngvarar

Auður Edda Erlendsdóttir, klarínett
Agnes Tanja Þorsteinsdóttir, söngur
Bryndís Halla Gylfadóttir, selló
Elfa Rún Kristinsdóttir, fiðla
Egill Ólafsson, söngur
Elmar Gilbertsson, söngur
Greta Salóme Stefánsdóttir, fiðla
og söngur
Hallfríður Ólafsdóttir, flauta
Hallveig Rúnarsdóttir, söngur
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir, fiðla
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir, selló
Ingibjörg Guðjónsdóttir, söngur
Joaquín Páll Palomares, fiðla
Jóhanna Vigdís Arnardóttir, söngur
Jóna G. Kolbrúnardóttir, söngur
Kolbrún Völkudóttir, táknmálssöngur
Kristinn Sigmundsson, söngur
Lilja Guðmundsdóttir, söngur
Oddur Arnþór Jónsson, söngur
Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, söngur
Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla
Sæunn Þorsteinsdóttir, selló
Tinna Þorsteinsdóttir, píanó
Vikingur Heiðar Ólafsson, píanó
Þóra Einarsdóttir, söngur
Þórunn Ósk Marinósdóttir, víola

Erlendir einleikarar og einsöngvarar

Akiko Suwanai, fiðla
Alina Ibragimova, fiðla
Andreas Brantelid, selló
Boris Belkin, fiðla
Bror Magnus Tødenes, söngur
Christian Tetzlaff, fiðla
Eivør Pálsdóttir, söngur
Helena Juntunen, söngur
Jack Liebeck, fiðla
James Ehnes, fiðla
Kari Krikku, klarínett
Michael Kaulartz, fagott
Nadia Sirota, sello
Nikolai Lugansky, píanó
Paul Lewis, píanó
Simone Lamsma, fiðla
Supriya Nagarajan, söngur
Stephen Hough, píanó
Tanja Tetzlaff, selló
Viviane Hagner, fiðla
Yevgeni Sudbin, píanó

Kórar og sögumenn o.fl.

Ari Eldjárn, kynnir og uppistandari

Bragi Valdimar Skúlason, sögumaður

Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar – Karen Janine Sturlaugsson, kórstjóri

Dansarar úr Listdansskóla Íslands – Guðmundur Helgason og Helena Jóhannsdóttir
danshöfundar og æfingastjórn, Nanna Ólafsdóttir æfingastjórn

Fídel Atli Quintero Gasparsson, víóluleikari

Gerður Sjöfn Ólafsdóttir, táknmálstúlkur

Graduale Futuri – Rósa Jóhannsdóttir, kórstjóri

Gradualekór Langholtskirkju – Árni Heiðar Karlsson stjórnandi og Harpa Harðardóttir raddþjálfun

Haldóra Geirharðsdóttir (Trúðurinn Barbara), kynnir og sögumaður

Hamrahlíðarkórarnir – Þorgerður Ingólfisdóttir, kórstjóri

Hjalti Nordal fiðluleikari

Hjördís Ástráðsdóttir, kynnir

Hjörtur Páll Eggertsson, sellóleikari

Jóhanna Vigdís Arnardóttir, kynnir

Kórskóli Langholtskirkju – Bryndís Baldvinsdóttir stjórnandi

Krúttakór Langholtskirkju – Ragnheiður Sara Grímsdóttir og Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir stjórnendur

Listdanshópur – Lára Stefánsdóttir danshöfundur

Mótettukórinn – Hörður Áskelsson, kórstjóri

Nemendur úr Listdansskóla Íslands – Guðmundur Helgason, danshöfundur og æfingastjórn

Óperukór Reykjavíkur – Garðar Cortes, kórstjóri

Pétur Úlfarsson, fiðluleikari

Schola Cantorum – Hörður Áskelsson, kórstjóri

Skólahljómsveit Kópavogs – Össur Geirsson, stjórnandi

Stúlknakór Reykjavíkur – Margrét Pálmadóttir, kórstjóri

Suzie Templeton, teiknimynd

Söngsveitin Fílharmónía – Magnús Ragnarsson, kórstjóri

Táknmálskórinn Litlu sprotarnir – Hjördís Anna Haraldsdóttir kórstjóri

og Laila Margrét Arnþórsdóttir umsjón

Þórey María E. Kolbeins, Maxímús Músíkús

4. Tónleikar starfsárið 2016-17

Áskriftartónleikar

Gul tónleikaröð

15. september 2016 – Tetzlaff-tvíeykið spilar Brahms

- Páll Ísólfsson: Lýrisk svíta
- Johannes Brahms: Konsert fyrir fiðlu og selló
- Carl Nielsen: Sinfónía nr. 2, Skapgerðirnar fjórar
Osmo Vänskä hljómsveitarstjóri
Christan Tetzlaff einleikari
Tanja Tetzlaff einleikari

17. nóvember 2016 – Víkingur og Tortelier

- Haukur Tómasson: From Darkness Woven
- Richard Strauss: Burleske
- Ígor Stravinskíj: Capriccio
- Ígor Stravinskíj: Eldfuglinn, svíta
Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

2. febrúar 2017 – Stravinskíj og Britten

- Benjamin Britten: Russian Funeral
- Benjamin Britten: Fiðlukonsert
- Ígor Stravinskíj: Dumbarton Oaks
- Ígor Stravinskíj: Sinfónía í þremur þáttum
Matthew Halls hljómsveitarstjóri
Viviane Hagner einleikari

9. mars 2017 – Píanókonserter Beethovens

- Joseph Haydn: Sinfónía nr. 96, „Kraftaverkið“
- Ludwig van Beethoven: Píanókonsert nr. 2
- Ludwig van Beethoven: Píanókonsert nr. 3
Matthew Halls hljómsveitarstjóri
Paul Lewis einleikari

30. mars 2017 – Enigma-tilbrigðin

- Gabriel Fauré: Dolly, svíta
- Samuel Barber: Fiðlukonsert
- Edward Elgar: Enigma-tilbrigðin
Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri
James Ehnes einleikari

11. maí 2017 – Fimm söngvar og sinfónía

- Fanny Mendelssohn: Forleikur í C-dúr
- Hafliði Hallgrímsson: Fimm söngvar fyrir sópran og hljómsveit
- Jean Sibelius: Sinfónía nr. 6
John Storgårds hljómsveitarstjóri
Helena Juntunen einsöngvari

26. maí 2017 – Ibragimova spilar Brahms

- Johannes Brahms: Fiðlukonsert
- Dmítríj Shostakovítsj: Sinfónía nr. 5
Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri
Alina Ibragimova einleikari

Rauð tónleikaröð

8. september 2016 – Lugansky og Tortelier

- Sergej Rakhmanínov: Píanókonsert nr. 3
- Maurice Ravel: Dafnis og Klói
Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri
Nikolai Lugansky einleikari

13. október 2016 – Hetjuhljómkviðan

- Þuríður Jónsdóttir: Flow and Fusion
- Magnus Lindberg: Fiðlukonsert nr. 1
- Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 3, Eroica
Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Jack Liebeck einleikari

10. nóvember 2016 – Brantelid leikur Dvorák

- María Huld Markan Sigfúsdóttir: Aequora
- Antonín Dvorák: Sellókonsert
- Jean Sibelius: Sinfónía nr. 2
Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri
Andreas Brantelid einleikari

19. janúar 2017 – Saariaho og Sibelius

- Jean Sibelius: Rakastava (Elskhuginn)
- Kaija Saariaho: Klarínnettconsert (D'om le vrai sens)
- Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 6, Pathétique
Anna-Maria Helsing hljómsveitarstjóri
Kari Kriikku einleikari

23. febrúar 2017 – Rakhmanínov og Beethoven

- Antonín Dvorák: Slavneskir dansar op. 46 nr. 1, 2, 7 og 8
- Sergej Rakhmanínov: Rapsódía um stef eftir Paganini
- Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 4
Jun Märkl hljómsveitarstjóri
Stephen Hough einleikari

23. mars 2017 – Poschner stjórnar Bruckner

- Anton Bruckner: Sinfónía nr. 8
Markus Poschner hljómsveitarstjóri

27. apríl 2017 – Bruch og Brahms

- Þorkell Sigurbjörnsson: Mistur
- Max Bruch: Fiðlukonsert nr. 1
- Johannes Brahms: Sinfónía nr. 4
Vladimir Ashkenazy hljómsveitarstjóri
Boris Belkin einleikari

Græn tónleikaröð

22. september 2016 – Uppáhaldsariur

- Wolfgang Amadeus Mozart: Così fan tutte, forleikur
- Wolfgang Amadeus Mozart: Così fan tutte, tríó
(Soave sia il vento)
- Wolfgang Amadeus Mozart: La clemenza di Tito, aría
(Parto, parto, ma tu, ben mi)

- Hector Berlioz: Béatrice et Bénédict, forleikur
- Jacques Offenbach: Ævintýri Hoffmanns, dúett
(Barcarolle)
- Jules Massenet: Werther, aría (Pourquoi me reveiller)
- Georges Bizet: Perlukafararnir, dúett
(Au fond du temple saint)
- Charles Gounod: Rómeó og Júlía, aríetta
(Ah! Je veux vivre)
- Richard Wagner: Tannhäuser, forleikur
- Richard Wagner: Tannhäuser, aría
(O du mein holder Abendstern)
- Giacomo Puccini: Madama Butterfly, aría
(Un bel di vedremo)
- Giuseppe Verdi: Rigoletto, aría (La Donna é mobile)
- Giuseppe Verdi: La Traviata, dúett (Parigi o cara)
- Giuseppe Verdi: Rigoletto, kvartett
Leo Hussain hljómsveitarstjóri
Ingibjörg Guðjónsdóttir einsöngvari
Lilja Guðmundsdóttir einsöngvari
Agnes Tanja Þorsteinsdóttir einsöngvari
Elmar Gilbertsson einsöngvari
Oddur Arnþór Jónsson einsöngvari

27. október 2016 – Mozart og Grieg

- Wolfgang Amadeus Mozart: Brottnámið úr
kvennabúrinu, forleikur
- Edvard Grieg: Pétur Gautur, svítur
- Wolfgang Amadeus Mozart: Fagottkonsert
- Georges Bizet: L'Arlésienne, svítur
Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri
Michael Kaulartz einleikari

5. janúar 2017 – Vínartónleikar

- (endurteknir 6. jan. kl. 19:30 og 7. jan. kl. 16 og 19:30)
- Johann Strauss yngri: Die Fledermaus
(Leðurblakan), forleikur
 - Eduard Strauss: Bahn Frei, hraður polki
 - Johann Strauss yngri: Mein Herr Marquis

(aríá Adele úr Leðurblökunni)

- Rudolf Siczynski: Wien, du Stadt meiner Träume (Vínarljóð)
- Léo Delibes: Vals úr ballettinum Coppelia
- Léo Delibes: Pizzicato úr ballettinum Sylvia
- Johann Strauss yngri: Kaiser-Walzer (Keisaravalsinn)
- Johann Strauss yngri: Rosem aus dem Süden, vals
- Emmerich Kálman: Heut' Nacht hab' ich geträumt von dir (aríá úr óperettunni Fjólán frá Montmartre)
- Franz Lehár: Meine Lippen, sie küssen so heið (úr óperettunni Giuditta)
- Hans Christian Lumbye: Champagner Galopp
- Carl Zeller: Schenkt man sich Rosen in Tirol (dúett úr óperunni Fuglasalinn)
- Johann Strauss yngri: An der schönen blauen Donau (Dónárvalsinn)
- David Danzmayr hljómsveitarstjóri
Póra Einarsdóttir einsöngvari
Bror Magnus Tødenes einsöngvari
Listdanshópur, Lára Stefánsdóttir danshöfundur

16. mars 2017 – Osmo stjórnar Beethoven

- Kalevi Aho: Minea
- Wolfgang Amadeus Mozart: Píanókonsert nr. 23 í A-dúr
- Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 7
Osmo Vänskä hljómsveitarstjóri
Yevgeni Sudbin einleikari

18. maí 2017 – Carmen-fantasía

- Ambroise Thomas: Mignon, forleikur
- Claude Debussy: Petite suite
- Ernest Chausson: Poème
- Maurice Ravel: Alborada del gracioso
- Pablo de Sarasate: Carmen-fantasía
- Pjotr Tsjajkovsj: Capriccio italien
Yan Pascal Tortelier hljómsveitarstjóri
Simone Lamsma einleikari

Föstudagsröðin

24. febrúar 2017 – Þrír byltingarmenn

- Edgard Varèse: Density 21.5
- John Cage: Daughters of the Lonesome Isle
- Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 4
Jun Märkl hljómsveitarstjóri
Tinna Þorsteinsdóttir einleikari
Hallfríður Ólafsdóttir einleikari

17. mars 2017 – Fiðrildi og finnskir skógar

- Kaija Saariaho: Sept Papillons
- Jean Sibelius: Sinfónía nr. 2
Osmo Vänskä hljómsveitarstjóri
Sæunn Þorsteinsdóttir einleikari

12. maí 2017 – Brahms og barokkið

- Johann Sebastian Bach: Komm, Jesu, komm
- Johannes Brahms: Sinfónía nr. 4
Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri
Schola cantorum kór, Hörður Áskelsson kórstjóri

Litli tónsprotinn

6. október 2016 – Fantasía Disneys

- (endurteknir 7. okt. kl. 19:30 og 8. okt. kl. 14)
- Walt Disney: Fantasía
Ted Sperling hljómsveitarstjóri

17. desember 2016 – Jólatónleikar Sinfóníunnar

- (endurteknir 17. des. kl. 16 og 18. des. kl. 14 og 16)
- Hrafnkell Orri Egilsson: Jólaforleikur
 - Jón Sigurðsson: Jólin alls staðar (úts. Ingi Garðar Erlendsson)
 - Leroy Anderson: Sleðaferðin
 - César Franck: Panis angelicus (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
 - Peter Grönvall: Dansaðu vindur (úts. Tróndur Bogason)
 - Gunnar Þórðarson: Aðfangadagskvöld (úts. Össur Geirsson)

- Sigvaldi Kaldalóns: Nóttin var sú ágæt ein (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Franz Gruber: Heims um ból (úts. Sigurður Ingvi Snorrason)
Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Trúðurinn Barbara kynnir
Eivør Pálsdóttir einsöngvari
Hallveig Rúnarsdóttir einsöngvari
Kolbrún Völkudóttir einsöngvari
Pétur Úlfarsson fiðluleikari
Hjalti Nordal fiðluleikari
Fídel Atli Quintero Gasparsson víóluleikari
Hjörtur Páll Eggertsson sellóleikari
Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, Karen Janine Sturlaugsson stjórnandi
Litlu sprotarnir, táknmálaskór, Hjördís Anna Haraldsdóttir kórstjóri og Laila Margrét Arnþórsdóttir umsjón
Krúttakór Langholtskirkju, Ragnheiður Sara Grímsdóttir og Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir stjórnendur
Kórskóli Langholtskirkju, Bryndís Baldvinsdóttir stjórnandi
Graduale Futuri, Rósa Jóhannesdóttir stjórnandi
Gradualekór Langholtskirkju, Árni Heiðar Karlsson stjórnandi og Harpa Harðardóttir raddþjálfun
Dansarar úr Listdansskóla Íslands, Guðmundur Helgason og Helena Jóhannsdóttir danshöfundar og æfingastjórn, Nanna Ólafsdóttir æfingastjórn
Skólahljómsveit Kópavogs, Össur Geirsson stjórnandi
Gerður Sjöfn Ólafsdóttir táknmálistúlkur
Þórey María E. Kolbeins Maxímús Músíkús

18. febrúar 2017 – Skrímslið litla systir mín

- Eric Coates: Birnirnir þrír
- Eivør Pálsdóttir og Helga Arnalds:
Skrímslið litla systir mín
Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Trúðurinn Barbara kynnir og sögumaður
Eivør Pálsdóttir söngur
Graduale Futuri kór, Rósa Jóhannesdóttir kórstjóri

6. maí 2017 – Múminálfar í söngvaferð

(endurteknir 6. maí kl. 16)

- Hannele Huovi og Soili Perkiö:
Múminálfar í söngvaferð
Erkki Lasonpalo hljómsveitarstjóri
Egill Ólafsson einsöngvari
Jóhanna Vigdís Arnarsdóttir einsöngvari
Stúlknaþór Reykjavíkur, Margrét Pálmadóttir kórstjóri

Ýmsir tónleikar

20. ágúst 2016 – Menningarnótt: Pétur og úlfurinn

- Sergei Prokofiev: Pétur og úlfurinn
Bjarni Frímann Bjarnason hljómsveitarstjóri

20. ágúst 2016 – Menningarnótt: Rússnesk veisla

- Mikhaíl Glinka: Rúslan og Lúdmíla, forleikur
- Pjotr Tsjajkovsij: Fiðlukonsert
Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Joaquín Páll Palomares einleikari

2. september 2016 – Klassíkin okkar

